

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Aðalfundur getur ákveðið, að leggja allt að 2% — tvo af hundraði — af ársarði félagsins í sérstakan sjóð, er ætlaður sé til umbóta á fiskvegi, eða á annan hátt til aukningar fiskgengd í ánni.

9. gr.

Heimilt skal að endurskoða arðskrá félagsins á 10 ára fresti, þó getur helmingur félagsmanna krafizt endurskoðunar á 5 — fimm — ára fresti.

10. gr.

Eftir því, sem ekki er fram tekið í samþykkt þessari um starfsemi félagsins, fer eftir IX. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt nr. 115 30. júní 1960 fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. janúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður verði hannaðar í Garðastræti, vestan megin götunnar.
2. Bifreiðastöður verði hannaðar á Þórsgötu, norðaustan megin götunnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 19. janúar 1965.

Sigurjón Sigurðsson.